

Alþingi  
Nefndarsvið  
26. apríl 2004

### Vinnuþlagg.

#### Varðandi 464. mál (umferðarlög).

##### 8. gr. frv.:

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vinnandamagn í blóði hans er yfir 2% og vinnandamagn í lofti fer yfir 1.000 milligrömm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

b. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 2. mgr. 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en tvö ár. Ef einungis síðara brotið varðar við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en þrjú ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en fimm ár.

##### 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

[Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða 3. mgr. 47. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 23/1998, 2. gr.

##### Ef breytingartillagan gengur eftir mun greinin orðast svo:

102. gr. Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vinnandamagn í blóði hans er yfir 2% og vinnandamagn í lofti fer yfir 1.000 milligrömm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 2. mgr. 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en tvö ár. Ef einungis síðara brotið varðar við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en þrjú ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en fimm ár.

Athugasemdir í umsögnum um 8. gr. frv.:

**Samband íslenskra tryggingafélga:**

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli varðandi viðurlög vegna ölvunaraksturs. eru þau tekin upp vegna niðurstöðu dómstóla síðustu misserin þess efnis, að við fyrsta ölvunarakstursbrot sé beitt lágmarksrefsingu án tillits til þess, hversu ölvaður ökumaður hefur veirð. Með þessu ákvæði frumvarpsins eru reglur 45. gr. umferðarlaga, sem fjalla um m.a. ölvunarakstur, gerðar skýrari varðandi lengd ökuleyfissviptingar við fyrsta brot, auk þess að svipting ökuréttar verði lengd, ef um ítrekun á ölvunarakstri er að ræða. Er lýst stuðningi við þessar breytingar. Á hinn bóginn er SÍT eindregið þeirrar skoðunar að enn frekar þurfi að styrkja lagaframkvæmdina vegna afleiðinga ölvunaraksturs, og gera í því efni breytingu á 45. gr. umferðarlaga. Skal það skýrt nokkru nánar.

Íðulega hafa dómar gengið þar sem ökumenn, er hlut hafa átt að umferðarslysum og ákærðir hafa verið fyrir akstur undir áhrifum áfengis, verið sýknaðir á grundvelli staðhæfinga þeirra þess efnis, að þeir hafi byrjað áfengisneyslu eftir að óhappi var valdið og akstri lauk. Slíkar málsástæður eru vægt til orða tekið afar hæpnar, en hafa þó gert ákærvaldi erfitt fyrir. Í löggjöf erlendis munu dæmi um, að mjög er takmarkaður möguleiki til að koma slíkum málsástæðum að. Er það gert á þann veg, að beinlínis er svo fyrir mælt, að ökumanni sé óheimilt að neyta áfengis í tiltekinn tíma eftir að akstri lauk, hafi ökumaðurinn ástæðu til að ætla að rannsókn verði hafin vegna aksturs hans. Í íslenskum rétti er raunar þegar að finna ákvæði af þessu tagi í loftferðalögum nr. 60/1998. Í 37. gr. loftferðalaga segir, að m.a. flugverjar megi ekki neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu sex klukkustundir eftir að vinnu þeirra lauk, enda hafi þeir ástæðu til að ætla að atferli þeirra við starf sitt kunni að sæta rannsókn.

Með vísan til framanritaðst leggur SÍT til, að í 45. gr. umferðarlaga verði tekið upp nýtt ákvæði, sem verði 2. másl. 4. mgr. 45. gr., og hljóði málsgreinin svo í heild sinni (feitletrunin er viðbót):

„Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vinnandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vinnandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn. Ökumaður má ekki neyta áfengis í 6 klukkustundir eftir að akstri lauk, hafi hann ástæðu til að ætla að háttsemi hans við stjórn ökutækisins kunni að sæta rannsókn.“

**Lögreglustjórnin í Reykjavík:**

Um 8. gr.

Mælt er með því að þessar breytingar nái fram að ganga með vísan til þess sem segir í athugasemdum með frumvarpinu.

**Bréf Bindindisfélags ökumanna til Umferðarráðs:**

Félagið telur að flest þau atriði sem lagt er til að verði breytt séu til bóta. Ekki síst þær breytingar sem lagt er til að verði á 102. gr. UFL.